




Jákvæð skólafærni í Flataskóla

- 
- Markmið jákvæðrar skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks
 - Jákvæð skólafærni byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga í Oregon í Bandaríkjunum og er framkvæmd í samráði við þá

Jákvæð skólafærni

Rannsóknir hafa leitt í ljós að í hverjum skóla má gera ráð fyrir þrenns konar nemendum

- „Venjulegum“ nemendum (85 til 90%)
- Nemendum sem sýna fyrstu merki andfélagslegrar hegðunar og eiga á hættu að þróa með sér andfélagslegt hegðunarmynstur (7 til 10%)
- Nemendum sem þegar sýna töluverða andfélagslega hegðun og eru í mikilli áhættu vegna enn frekari vandamála í framtíðinni (3 til 5%)
- Gert er ráð fyrir að brugðist sé við þessum þremur nemendahópum á mismunandi hátt.

ÁKVEÐNIR NEMENDUR

Nemendur í mikilli áhættu

Einstaklingsmiðaðar
aðgerðir

3 - 5%

- ▶ Samstarf við foreldra, þeim t.d. vísað í PMT
- ▶ Einstaklingsnámskrá varðandi hegðun
- ▶ Samstarf við aðrar stofnanir
- ▶ Mikil kennsla í félagsfærni

AFMARKAÐUR HÓPUR

Nemendur í áhættu

Bekkjarstjórnun og áætlanir
fyrir litla hópa

7 - 10%

- ▶ Komið á föstum tengslum nemenda við einhvern fullorðinn sem hefur eftirlit með þeim
- ▶ Aukinn stuðningur í námi
- ▶ Kennsla í félagsfærni

ALMENNT

Allir nemendur

Stuðningur á öllum
stöðum skólans

85 - 90%

- ▶ Virk notkun félagslegrar hvatningar, sem og umbunar- og táknkerfa
- ▶ Nemendum sett mörk á einfaldan og sanngjarnan hátt
- ▶ Virkt eftirlit með nemendum
- ▶ Nemendum kenndar reglur skólans á beinan hátt
- ▶ Kennsla í félagsfærni
- ▶ Jákvætt inngrip

KERFI FYRIR ALLAN SKÓLANN

STUÐNINGSKERFI
FYRIR EINSTAKA
NEMENDUR

KERFI Í
SKÓLASTOFUNNI

KERFI FYRIR
AFMARKAÐAR
AÐSTÆÐUR

Jákvæð skólafærni

Áhersla er lögð á að:

- Koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni
- Gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti
- Samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun

Framkvæmd jákvæðrar skólafærni

- Áhersla á að **styðja alla** nemendur skólans
- **Siðir** eru settir þannig fram að þeir eru **einfaldir**, nákvæmir og ljóst sé til hvers er ætlast. Dæmi: Göngum hægra megin, notum inniröddina
- **Siðir** hafðir **sýnilegir**, hengdir upp á vegg og kenndir með sýnikennslu, dæmum og æfingum

- **Hvatning** er notuð á ýmsa vegu til að umbuna nemendum fyrir árangur, framfarir og það sem vel er gert
- Áhersla á **notkun** félagslegrar **hvatningar**
- Notað er ákveðið **táknkerfi** sem formleg leið hvatningar
- **Skýr mörk** eru sett og skilgreind eru minni háttar og alvarlegri hegðunarfrávik
- Við óæskilegri hegðun eru skilgreindar **viðeigandi afleiðingar**, þær eru breytilegar og ráðast af alvarleika hegðunar.

Siðatafla Flataskóla

- Tíu svæði – ákveðnir siðir settir fram á hverju svæði

Öll svæði

Skólalóð

Gangar/anddyri/stigar

Kennslustofur

Matsalur

Sérstakir viðburðir

Salerni

Búningsklefar

Tómstundaheimili

Vettvangsferðir

Svæði	Ábyrgð	Virðing
Öll svæði	<p>Förum eftir fyrirmælum</p> <p>Verum stundvís</p> <p>Leiðum óæskilega hegðun hjá okkur</p> <p>Pössum upp á eigur okkar</p> <p>Skiljum tyggigúmmi og sælgæti eftir heima</p>	<p>Verum kurteis við alla</p> <p>Sýnum umhverfinu virðingu</p> <p>Höfum hendur og fætur hjá okkur</p> <p>Berum virðingu fyrir öðrum</p>
Skólalóð	<p>Leikum á skólalóðinni</p> <p>Geymum hjól í hjólagrindum</p> <p>Hugsum um þá sem eru einir</p> <p>Leitum aðstoðar starfsmanna</p> <p>Komum klædd eftir veðri</p>	<p>Verndum allan gróður</p>
Gangar/anddyri/stigi	<p>Göngum hægra megin</p> <p>Göngum í röð þegar við á</p> <p>Röðum skóm í skóhillur</p> <p>Hengjum upp útiföt, húfur í ermi og vettlinga í vasa</p>	<p>Notum inniröddina</p>
Kennslustofur	<p>Komum okkur strax að verki</p> <p>Flokkum rusl</p> <p>Notum námsgögn, hús gögn og áhöld á viðeigandi hátt</p> <p>Göngum vel frá eftir okkur</p> <p>Notum pappír, sápu og vatn sparlega</p>	<p>Notum inniröddina</p> <p>Réttum upp hönd</p> <p>Virðum vinnufrið</p> <p>Virðum eigur okkar og annarra</p> <p>Hlustum af athygli</p>
Matsalur	<p>Göngum í röð</p> <p>Göngum rólega um matsalinn</p> <p>Göngum vel frá eftir okkur</p> <p>Sitjum í sætinu</p> <p>Flokkum rusl</p>	<p>Notum borðsiði</p> <p>Notum inniröddina</p> <p>Biðum róleg í röð eftir afgreiðslu</p> <p>Verum tilbúin að sitja hjá hverjum sem er</p>

Svæði	Ábyrgð	Virðing
Sérstakir viðburðir (Salur, bókasafn)	Göngum rólega um salinn Sitjum fallega Göngum í röð	Verum góðir hlustendur Notum inniröddina
Salerni	Notum pappír, sápu og vatn sparlega Sturtum niður og lokum Setjum rusl í föturnar Þvöum okkur um hendur	Gefum öðrum næði
Búningsklefar	Hengjum fót á snaga Höfum með okkur viðeigandi íþróttafatnað Fylgjum reglum íþróttahúss	Notum inniröddina Virðum útlit annarra
Tómstundaheimili	Komum okkur strax að verki Flokkum rusl Notum húsgögn og áhöld á viðeigandi hátt Göngum vel frá eftir okkur Notum pappír, sápu og vatn sparlega	Notum inniröddina Virðum vinnufrið Virðum eigur okkar og annarra Hlustum af athygli
Vettvangsferðir	Höldum hópinn Fylgjum reglum sem gilda á hverjum stað	Verum góðir hlustendur

Siðir kenndir sérstaklega

- Áhersla er lögð á að kenna nemendum siðina og notuð til þess svokölluð siðaspjöld (myndir og texti)



Notum inniröddina

- Kennari kennir siðinn í sinni skólastofu
- Skólaliðar kenna á sínu svæði með umsjónarkennara
- Lögð er áhersla á að láta nemendur **æfa sig á réttri hegðun**

Sólin - hrós

- Sól er afhent þegar starfsmaður verður vitni að æskilegri hegðun, ef nemendur fylgja síðum Flataskóla og þegar starfsmaður verður vitni að framförum einstaklings
- Ein sól gildir eitt stig
- Það er **ekki** hægt að missa sól eða taka hana af fyrir óæskilega hegðun
- Nemandi fær tækifæri til að sýna foreldrum sólina en verður síðan að afhenda hana umsjónarkennara

- Hver umsjónarhópur safnar **sólum** í sameiningu
- Þegar hópurinn hefur safnað átta sinnum nemendafjölda þá er haldin **sólarveisla**
- Dæmi:
 - Í 3. RG eru 24 nemendur, þegar búið er að safna 8x24 sólum eða 192 þá er veisla
- Sólinnar eru hafðar sýnilegar í sérstöku glærum plasthólkum í skólastofunni
- Um leið og búið er að halda eina **sólarveislu** er hafist handa við að safna sólum í næstu **sólarveislu**

Dæmi um sólarveislur

Útivera/ferðir

Gönguferð með nesti
Útitími
Hjólaferð
Sundferð
Fjöruferð
Vífilsstaðavatn
Heiðmörk, útigrill, ratleikur
Sleðaferð
Skautuferð
Lautarferð í hraunið
Leikvöllur v/Flatir
Nauthólsvík
Vísindaferð
Leikir úti
Kaffihúsaferð með strætó
Gefa öndunum brauð
Brettapallur v/Sjávargrund
Púttvöllur v/ Kirkjulund
Leikvöllur v/ Lundina
Þrautabraut úti
Gervigrasvöllur
Bókasafn Garðabæjar

Innivera

Spílatími/frjáls spil
Dótadagur
Leikir inni
Bingó
Myndband
Þrautabraut í stofu
Kökuboð
Náttfatapartí
Baka köku
Félagsvist
Sögustund
Búðarleikur
Frjáls tími
Spurningakeppni
Poppa
Andlitsmálun
Sýna leikrit (æfa heima)
Fá heimsókn
Samkvæmisleikir
Búningadagur
Ball
Föndra